

**Alþingi**  
**b/t umhverfis- og samgöngunefndar**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Ísafirði 14. janúar 2014**

*Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur), mál 215, 143. löggjafarþing.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill með bréfi þessu bregðast við fyrirhuguðum breytingum á frumvarpi vegna meðhöndlunar úrgangs, mál 215. Við vinnslu umsagnar var tekið mið af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um sama mál.

Sveitarfélög á Vestfjörðum sóttu sameiginlega um aðild að EarthCeck umhverfisvottun, á árinu 2012 og fengu á því ári stöðu sem umsóknarsvæði. En EarthCheck eru stærstu umhverfisvottunarsamtök heims og eru einu vottunarsamtökin sem veita sveitarfélögum vottun. Á haustmánuðum vann verkefnastjóri byggðapróunardeildar FV úr gögnum sveitarfélaganna um stöðu í umhverfismálum fyrir árið 2012 og skilaði inn til samtakanna. Svar hefur nú borist og komu sveitafélögin á Vestfjörðum mjög vel út. Í framhaldinu er að vænta staðfestingar samtakanna á fulla aðild sveitarfélaganna að vottuninni og verða Vestfirðir þar með annað svæðið á landinu með slíka vottun.

Þær breytingar sem lagaðar eru til með frumvarpi um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, eru margar hverjar í takti við það sem unnið er að í umhverfisvottun hjá EarthCheck. Ljóst er að í því ferli sem sveitafélögin á Vestfjörðum ákváðu að fara varðandi umhverfisvottun muni leiða til breyttra aðferða hjá sveitarfélögum við meðhöndlun úrgangs. En í ljósi þungs rekstrar sveitarfélaganna þurfa þær breytingar að gerast í smáum skrefum til að tryggja að kostnaður sem fylgir þeim muni ekki koma niður á rekstri þeirra.

Í því frumvarpi er fyrir liggur um breytingu á meðhöndlun úrgangs er það því áhyggjuefni FV að farið sé verði of skart í breytingar varðandi ákvæði um sérstaka söfnun úrgangs frá heimilum. Breytingar kæmu af of miklum þunga fyrir rekstur sveitarfélaganna og verði til þess að hækka þurfi álögur á íbúa. Einnig er ljóst er að ekki hafa öll sveitafélög tekið upp flokkun úrgangs frá heimilum með því að hafa þar til gerða poka eða tunnur. Hér tekur FV undir ábendingu Sambands íslenskra sveitafélag um að finna lausn á því að þessi flokkun verði unnin þannig að kostnaði sveitafélaga verði haldið í lágmarki.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur að öðru leyti undir umsögn Sambands íslenskra sveitafélaga og vonar að nefndin taki jákvætt í þær tillögur sem þar eru lagar fram.

Fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.